

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga, Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags
byggingafræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags byggingafræðinga þann 15. maí 2018 kl. 14.00.

Fulltrúar félaganna voru Elsa María Rögnvaldsdóttir og Tore Skjenstad. Fulltrúar sambandsins voru Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Seinkun á innleiðingu starfsmats

Í kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag byggingafræðinga frá árinu 2016 var samið um upptöku starfsmatskerfisins SAMSTARF. Í sérákvæði 1 í kjarasamningi aðila á innleiðingu starfsmats fyrir félögin að vera lokið þann 1. júní 2018 ásamt röðun starfa í launaflokka.

Aðgerðaráætlun sem fylgir kjarasamningunum gerir ráð fyrir innleiðingu starfsmatsins í þremur skrefum, en innleiðingarferlinu átti að vera lokið fyrir 1. júní 2018.

Á fundi samstarfsnefndar þann 16. janúar 2018 var félaginu kynnt staða innleiðingar hjá aðildarfélögum BHM og að undirbúningur og innleiðing starfsmats verði ekki lokið á tilskildum tíma fyrir VFÍ og SFB.

Staðan nú er þannig að innleiðing starfsmats hjá aðildarfélögum BHM tekur mun lengri tíma en gert var ráð fyrir og því má búast við að undirbúningsvinnu og innleiðingu starfsmats fyrir VFÍ og SFB frestist enn frekar.

Niðurstaða:

Til að bregðast við þessum aðstæðum og tryggja örugga innleiðingu starfsmats hafa aðilar orðið sammála um eftirfarandi:

- Frá 1. júní 2018 gildir bráðabirgðaröðun starfa áfram þar til starfsmatsniðurstaða og ný launaröðun liggur fyrir.
- Launatafla fyrir bráðabirgðaröðun starfa hækkar um 3,4% frá 1. júní 2018.
- Þrátt fyrir tafir á upptöku starfsmats gildir starfsmatsniðurstaða engu að síður frá 1. júní 2018 samkvæmt gildandi launatöflu starfsmatsfélaga.
- Verði niðurstaða starfsmats hærrí en bráðabirgðaröðun mun starfsmaður raðast samkvæmt henni þegar hann hefur afsalað sér föstum viðbótargreiðslum eða þeim verið sagt upp í samræmi við útfærslu reiknivélar 2.
- Verði niðurstaða starfsmats lægri en bráðabirgðaröðun ber að lækka röðun starfsins til samræmis við þá niðurstöðu þremur mánuðum eftir að starfsmatsniðurstaða hefur verið tilkynnt af framkvæmdanefnd.
- Stefnt skal að því að innleiðingu starfsmats verði lokið eigi síðar en 31. desember 2018 en komi til frekari seinkunar verður upplýst um það á fundi samstarfsnefndar aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30